

**Fundargerð 7. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
12. september 2018 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson formaður, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður, Magnús Sigfús Magnússon aðalmaður, Daði Bergþórsson áheyrnarfulltrúi og Bryndís Gunnlaugsdóttir embættismaður.

Fundargerð ritaði: Bryndís Gunnlaugsdóttir, ráðgjafi.

Ólafur Þór Ólafsson vék að fundi kl.16:30 við lok fimmta máls og Hólmfríður Skarphéðinsdóttir tók við formennsku.

1. Brunavarnir Suðurnesja: fundargerðir 2018 - 1809047

Stjórn BS samþykkti lágsta tilboð frá Ístak ehf., um byggingu á nýrri slökkvistöð, með fyrirvara um samþykki sveitarfélaganna sem standa að BS.

Undir þessum lið mættu Friðjón Einarsson, formaður stjórnar BS og Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri.

Bæjarráð tekur jákvætt í uppbyggingu nýrrar slökkvistöðvar í samræmi við framkomnar hugmyndir og samþykkir að BS hefji undirbúning fjármögnunar er verður síðan lögð fyrir bæjarráð.

2. Frístundavefsíða: tillaga að kaupum. - 1808075

Bæjarráð samþykkir að ráðist verði í að gera sérstakan frístundavef fyrir sveitarfélagið enda er kostnaður innan ramma fjárhagsáætlunar 2018.

3. Fjölskyldusvið: skipulag frístundadeildar: tillögur - 1808064

Málinu er frestað til næsta fundar bæjarráðs.

4. Áhaldahús Sandgerðis og Garðs - 1809035

Málinu er frestað til næsta fundar bæjarráðs.

5. Heiti sameinaðs sveitarfélags - 1807102

Málið rætt og ráðgjafa falið að vinna málið áfram.

6. Gerðaskóli: ósk um aukningu á stöðugildum - 1806155

Mikil aukning hefur orðið á nemendum með sérþarfir við Gerðaskóla og er því óskað eftir fjárveitingu til að ráða tvo stuðningsfulltrúa í 80% starf við skólann.

Bæjarráð samþykkir erindið og felur bæjarstjóra að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.

7. Lögreglusamþykkt: Suðurnes - 1809017

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum verði samþykkt, með fyrirvara um breytingar á 1. og 35.

gr. samþykktarinnar í ljósi sameiningar sveitarfélaganna Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.

Bæjarráð leggur einnig til að ekki verði óskað eftir staðfestingu ráðherra á lögreglusamþykktinni fyrr en niðurstaða liggur fyrir um nýtt nafn á sveitarfélaginu þannig að hægt verði að uppfæra greinar 1 og 35 með varanlegu heitu sveitarfélagsins. Nýtt nafn ætti að liggja fyrir á þessu ári.

8. Sýslumaðurinn á Suðurnesjum: umsókn um tækifærisleyfi. ósk um umsögn - 1809046

Erindi frá Félagi húsbílaeigenda.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins.

9. Halpal slf: umsókn um rekstrarleyfi: veitingastaður í flokki II - 1808079

Erindi dags. 27.08.2018.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við veitingu starfsleyfisins.

10. Knattspyrnufélagið Víðir: ósk um endurnýjun samnings - 1809038

Bæjarráð þakkar fyrir erindið og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar.

11. Safnaðarheimilið í Sandgerði: ósk um styrk: orgel - 1809039

Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara um erindið.

12. Námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags - 18061401

Bæjarráð samþykkir samninginn og vísar honum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

13. Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar - 1806408

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að viðauki við þjónustusamning við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar verði staðfestur þannig að samningur við skrifstofuna gildi til 30. júní 2019.

14. Dagdvöl aldraðra - 1807095

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að þjónustusamningur vegna fjögurra rýma á félagsþjónustusvæðinu í dagdvöl í Selinu í Reykjanesbæ verði samþykktur.

15. HS Orka: málþing - 1809004

Lagt fram til kynningar.

16. Öldungaráð: fundargerðir 2018 - 18061410

Fundur stjórnar dags. 03.08.2018.

Bæjarráð felur sviðstjóra að vinna minnisblað til bæjarráðs vegna breytinga á lögum um öldungaráð.

Fundi slitið kl. 17:20.

7. fundur bæjarráðs
13.09.2018

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Bryndís Gunnlaugsdóttir